

FRÁSÖGN

af vetrarfundi þings Öryggis- og samvinnustofnunar Evrópu í Vín 24.–25. febrúar 2011

Af hálfu Íslandsdeildar ÖSE-þingsins sóttu fundinn Róbert Marshall, formaður, og Pétur H. Blöndal, auk Kjartans Fjeldsted, ritara. Fundinn sóttu um 240 þingmenn frá 53 ríkjum en að venju funduðu stjórnarnefnd og málefnanefndir þingsins með embættismönnum ÖSE auk þess sem fram fór sameiginlegur fundur málefnanefnda. Meginefni fundarins var ástandið í ríkjum N-Afríku, yfirstandandi umbætur á starfsemi ÖSE og undirbúningur undir ársfund ÖSE-þingsins í Belgrad í júlí.

Forseti Austurríkis, Heinz Fischer, flutti opunarávarp og því næst tók forseti ÖSE-þingsins, Petros Efthymiou, til máls. Gerði hann yfirstandandi umbótaferli ÖSE að meginumtalsefni sem hann sagði að ekki hefði verið nógu markvisst og því væri stofnunin í ákveðinni tilvistarkreppu. Mikilvægt væri að stofnunin gengi í endurnýjun lífdaga, m.a. með því að valinn yrði öflugur stjórnmalamaður til að taka við af núverandi framkvæmdastjóra, Marc Perrin de Brichambaut, sem mun brátt láta af störfum.

Næst ávarpaði Audronius Azubalis, utanríkisráðherra Litháens, þingið en Litháen fer nú með formennsku í ÖSE. Í máli hans kom fram að í ljósi atburðanna í N-Afríku vildi Litháen beita sér fyrir því að athugað yrði hvernig reynsla ÖSE í að stuðla að öryggi, aukinni velferð og lýðræði gæti gagnast nýjum stjórnvöldum í Egyptalandi og Túnis, sem bæði eru samstarfsríki ÖSE. Þá lýsti Azubalis yfir áhyggjum sínum af gangi mála í Hvíta-Rússlandi, þar sem réttarhöld eru nú að hefjast yfir forsetaframbjóðendum og mótmælendum. Eins og áður hefur komið fram lokaði Hvíta-Rússland skrifstofu ÖSE í Minsk í kjölfar gagnrýni stofnunarinnar á framkvæmd kosninganna.

Stefán Skjaldarson, sendiherra Íslands í Vín og fastafulltrúi gagnvart ÖSE, flutti erindi á fundi stjórnmalanefndar um formennsku Íslands í Öryggissamvinnuvettvangi ÖSE (e. *Forum for Security Cooperation, FSC*), en formenskutímabil Íslands stendur frá 1. janúar til 4. maí nk. Öryggissamvinnuvettvangurinn, sem kemur saman vikulega í Vín, er vettvangur ÖSE þar sem rædd eru og teknar ákvarðanir um málefni sem varða svokallaða fyrstu vídd ÖSE, þ.e. samvinnu á sviði öryggismála og aðgerða til að byggja upp traust á hermálasviðinu. Í máli sendiherrans kom m.a. fram að eitt meginverkefni formennsku Íslands yrði að uppfæra Vínarskjalið frá 1999, en í því skuldbinda aðildarríki ÖSE sig til að skiptast á upplýsingum um herafrafla sinn, viðbúnað og hernaðaráætlanir í þeim tilgangi að auka gegnsæi og traust sín á milli.

Þá gerði Pétur H. Blöndal forsætisnefnd þingsins grein fyrir starfi sínu sem sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í fjárreiðum ÖSE á liðnu ári. Gagnrýndi hann að fjárframlög til stofnunarinnar fyrir árið 2011, um 151 milljónir evra, stæðu í stað frá síðasta ári og væru þau lægstu frá árinu 2000 jafnvel þó að starfsemi stofnunarinnar hefði á sama tíma aukist verulega. Ef ætlunin væri að lækka framlög til stofnunarinnar væri heppilegra að um það yrði tekin meðvitund ákvörðun í stað þess að þau lækkuðu í raun sökum verðbólgu. Þá gerði hann fundinum grein fyrir fjarfundum sem hann átti í nóvember sl. með starfsfólki skrifstofu ÖSE í Albaníu til að fylgja eftir heimsókn sinni þangað árið 2007. Á fundunum kom m.a. fram að verkefni sem miðaði að því að búa til þjóðskrá fyrir Albaníu væri nú lokið og að skrá yfir íbúa og heimilisföng hefði verið tekin í notkun. Væri um að ræða mjög jákvæða þróun sem m.a. mundi nýtast í baráttunni gegn mansali.

Fram fór umræða um yfirstandandi umbætur á starfsemi ÖSE en eins og fyrr segir lauk leiðtogafundi stofnunarinnar í Astana í desember án þess að samstaða næðist um aðgerðaáætlun til að stýra starfi stofnunarinnar til næstu ára. Sú vinna heldur þó áfram í fastaráði stofnunarinnar. Í umræðunni gagnrýndu þingmenn m.a. hversu mjög stofnunin þurfi að reida sig á fjárframlög sem einstaka ríki veita framhjá fjárhagsáætlun (e. *extra-budgetary funds*), sem

vekur m.a. upp spurningar um gegnsæi. Þá lýstu þingmenn yfir óánægju sinni með hversu hægt gengi að styrkja stöðu ÖSE-þingsins gagnvart stofnuninni.

Loks fór fram sérstök utandagskrárumræða um ástandið í N-Afríku í ljósi stjórnarbyltinganna í Túnis og Egyptalandi og átakanna í Líbýu. Þó að ekki sé venjan að þingið álykti á vetrarfundum sínum samþykkti það sérstaka ályktun að þessu sinni þar sem þungum áhyggjum er lýst af átökum og ofbeldi á svæðinu og óásættanlegri valdbeitingu Líbýustjórnar gegn mótmælendum þar í landi. Hvatti Alcee L. Hastings, fulltrúadeildarþingmaður frá Bandaríkjunum og sérlegur fulltrúi forseta ÖSE-þingsins í málefnum Miðjarðarhafsins, til þess að ÖSE byði ríkjum á svæðinu þegar í stað aðstoð sína við að innleiða lýðræðisumbætur.

Frekari upplýsingar má nálgast hjá ritara Íslandsdeildar og á vefsvæðinu www.oscepa.org.